



Þingvallavegur við Brúsastaði 17.8.2009
Bífhjólaskýr, útafakstur
Látinn 48 ára karlmaður
Tími sólarhrings: Kvöld

Lýsing á slysi

Ökumaður bífhjól ók norðaustur Þingvallaveg að kvöldlagi í rökkri. Hann var á ferð með öðrum félögum sínum. Slysið varð skammt frá bænum Brúsastöðum en þar liggur vegurinn í mjúkri vinstri beygju. Bífhjólamaðurinn ók útaf áður en hann kom í beygjuna og hafnaði hjólið um 75 metra frá útafakstursstaðnum (sjá mynd 1). Við útafaksturinn féll bífhjólamaðurinn af hjólinu og hlaut banvæna höfuðáverka.



Mynd 1. Horft N-Austur Þingvallaveg. Viðgerð stóð yfir á veginum. Akreinaskil og vegbrún voru óljós.

Þegar slysið varð stóð yfir viðgerð á veginum. Verktaki hafði nýlega sett svonefnt ralomac undirlag á veginn og kaldblöndun. Því var vegurinn mislitur (sjá mynd 1) og vegstíkur vantaði í kanta. Efni í vegkantinum var gróft og efsti hluti vegfláans brattur. Akreinaskil og vegbrún voru því óljós. Hámarks hraði á veginum þar sem slysið varð er 90 km/klst. Merkingar voru um slitlagsframkvæmdir og hvassar brúnir við upphaf og enda framkvæmdakaflans sem var 4,2 km langur. Slysið varð á miðjum framkvæmdakaflanum.

Veður:

Skýjað.

Logn.

Þurrst á mestu

9 gráðu hiti.

Vegur:

Bundið slitlag.

Viðgerð stóð yfir á slitlagi.

Hámarks hraði

90 km/klst.

Meðaltals

umferð á

sólahring: 806

ökutæki.

Tími

sólarhrings og

birta: Kvöld,

rökkur.

Ökutæki:

Suzuki GSX-

R1000.

Að mati vitna ók ökumaður á 90-100 km/klst. hraða þegar slysið varð. Hraðaútreikningar benda til þess að bifhjólinu hafi verið ekið á 100-110 km/klst. hraða og því ljóst að ökumaður ók umfram leyfðan hámarkshraða m.v. bestu aðstæður.

Bifhjólið var nýlegt af gerðinni Suzuki GSX-R1000. Við rannsókn á bifhjólinu fundust engar vísbendingar um að bilun hefði valdið slysinu. Ökumaður bifhjólsins notaði viðurkenndan öryggisbúnað, var í buxum og jakka, í hönskum og með hjálm. Við útafaksturinn hlaut hann banvæna höfuðáverka. Ökumaður notaði gleraugu. Fyrir slysið kvartaði hann yfir móðu í hjálmi og gleraugum sem byrgði honum sýn.

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar ökumanns voru neikvæðar.

Orsakagreining

- Ökumaður ók of hratt miðað við aðstæður.
- Merkingar um framkvæmdir voru takmarkaðar.
- Hugsanlegt er að móða í hjálmi og á gleraugum hafi byrgt ökumanni sýn.

Ábending

Að mati RNU hefði þurft að merkja vegavinnu á Þingvallavegi betur og lækka hámarkshraða þar sem vegurinn var ekki í eðlilegu ástandi. Akreinaskil og veglína voru ógreinileg og flái við veginn brattur.

Með reglugerð 492/2009, sem tók gildi 15. maí 2009, var stigið stórt skref til að bæta úr lagalegu tómarúmi sem ríkt hefur um merkingar á vinnusvæðum. Þar er lagt fyrir framkvæmdaaðila að fara í einu og öllu eftir viðurkenndu verklagi við merkingar og aðrar öryggisráðstafanir þar sem unnið er við veg. Kveðið er á um að gerð sé öryggisáætlun vegna framkvæmda sem að eftirlitsmaður hefur umsjón með að fylgt sé. Inntak reglugerðarinnar er að framkvæmdir við veg eða önnur samgöngumannvirki verði ekki á kostnað umferðaröryggis. Telur Rannsóknarnefnd umferðarslysa brýnt að efni reglugerðarinnar verði kynnt verktökum, sem starfa að framkvæmdum við vegakerfið, og að náði verði fylgst með að reglur séu ekki brotnar.

Reykjavík 23. júní 2010
Rannsóknarnefnd umferðarslysa